

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. janúar 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-98/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 21. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á smíði og uppsetningu útidyrhurðar, en þá þjónustu keypti hann af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi smíði nýja hurð eða geri við núverandi hurð.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 22. nóvember sl. gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 20. desember. Með bréfi, dags. 21. desember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og fékk frest til þess til 6. janúar. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að í lok janúar 2010 hafi álitsbeiðandi fengið tilboð frá seljanda í smíði og ísetningu hurða og glugga í sumarbústað sinn og hljóðaði tilboðið upp á kr. 643.432. Hinn 24. mars 2010 tók álitsbeiðandi tilboðinu og má ráða af gögnum málsins að verkið hafi verið framkvæmt af starfsmanni seljanda í apríl sama ár. 31. maí 2010 uppgötvaði álitsbeiðandi galla í tveimur af gluggunum sem smíðaðir voru og voru þeir í kjölfarið lagfærðir af starfsmanni seljanda. Þá kvartaði álitsbeiðandi út af listum sem voru of stuttir eða vantaði og var sá þáttur verksins lagfærður af starfsmanni seljanda hinn 12. júní 2010. Hinn 18. október 2010 kvartaði álitsbeiðandi við starfsmann seljanda, undan leka á samskeytum í hurð þeirri er smíðuð var af seljanda. Var ekkert aðhafst vegna þessa af hálfu seljanda að svo stöddu, en eftir að álitsbeiðandi hafði nokkrum sinnum samband við starfsmann seljanda um vorið og sumarið 2011, í þeim tilgangi að fá hurðina lagfærða, mun starfsmaður seljanda hafa komið og reynt viðgerð á hurðinni og sett þéttikanta á flesta opnanlega glugga. Hafi þessar viðgerðir ekki bætt úr ástandi hurðarinnar. Vorið og sumarið 2012 hafði álitsbeiðandi aftur samband við starfsmann seljanda, sem kvaðst mundu koma og lagfæra hurðina, en ekkert varð af því. Hinn 18. september sl., sendi álitsbeiðandi starfsmanni seljanda tölvubréf og krafðist þess að hann framkvæmdi þær lagfæringar sem hann hafði lofað. Þegar álitsbeiðandi fékk engin viðbrögð við bréfinu sendi hann, hinn 25. september sl., starfsmanni seljanda áskorun sama efnis í tölvupósti og ábyrgðarbréfi. Fékk álitsbeiðandi engin viðbrögð við áskorun sinni.

Meðfylgjandi álitsbeiðni var tilboð seljanda til álitsbeiðanda, afrit af tölvupóstsamskiptum aðila, afrit af greiðsluáskorun, dags. 25. september, ásamt kvittunum vegna þriggja greiðslna álitsbeiðanda til seljanda, dags. 26. mars 2010, 24. apríl 2010 og 28. apríl 2010, samtals að upphæð kr. 643.432.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að seljandi hafi orðið gjaldþrota í maí 2010 og sé því hættur allri starfsemi.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Í máli þessu gerir álitsbeiðandi kröfu á seljanda, sem er einkahlutafélag stofnað í febrúar 2001. Í andsvörum seljanda kemur fram að félagið var úrskurðað gjaldþrota í maí 2010. Samkvæmt athugun kærunefndarinnar mun gjaldþrotaúrskurður þó ekki hafa gengið fyrir en hinn 18. júní 2010, en skiptum mun hafa lokið hinn 15. september 2010. Er því sá lögaðili sem álitsbeiðandi beinir kröfum sínum að, ekki lengur til í skilningi laga. Verður því þegar, af þessum sökum, ekki komist hjá því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir